

Sumartónleikar við Mývatn 2014 - Lokahelgi.

2. ágúst - laugardagur kl. 21:00
Reykjahlíðarkirkja

3. ágúst - sunnudagur kl. 14:00.
Kirkjan í Dimmuborgum.

Helgistund og tónlist. Prestur sr. Þorgrímur Daníelsson.

3. ágúst - sunnudagur kl. 21:00.
Skútustaðakirkja.

Flytjendur: Guðrún S. Birgisdóttir, flauta, Martial Nardeau, flauta,
Selma Guðmundsdóttir, píanó/orgel.

Á efnisskrá eru glæsileg verk s.s. Rigoletto fantasía eftir Doppler í bland
við hugljúf lög s.s. Söng Sólveigar og Á Vængjum söngsins. Einnig hljóma
íslensk þjóðlög og útsetningar á sönglögum Sigfúsar Halldórssonar.

Flytjendur eru allir vel þekktir tónlistarmenn og er tríóið nýkomið
út tónleikaferðum til Kína og Frakklands.

Allir eru hvattir til að njóta hljómfagurrar tónlistar
í fögru umhverfi sveitarinnar nú um helgina.

Sumartónleikarnir þakka samstarfsaðilum ómetanlegan stuðning
og heimafólki fyrir komuna í sumar.

Stuðningsaðilar 2014:

Tónlistarsjóður Menntamálaráðuneytisins, Sóknarnefnd Reykjahlíðarkirkju,
Sóknarnefnd Skútustaðakirkju, Skútustaðahreppur, Héraðssjóður Þingeyjarprófastdæmis,
Hótel Reynihlíð, Mýflug Air hf, Eldá ehf, Sparisjóður S-Þingeyinga, Sel Hótel Mývatn,
Hótel Laxá, Vogar ferðaþjónusta, Vogafjós Café, Jarðböðin við Mývatn.

Listrænn stjórnandi: Margrét Bóasdóttir.



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

27. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 30. júlí 2014

Afmælisbörn dagana 31. júlí — 6. ágúst 2014

31. Böðvar Pétursson.
4. Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir.

Mývetningar ath.

Ég verð í sumarleyfi fram til 31. ágúst,
en þann tíma mun sr. Þorgrímur annast þjónustu fyrir mig.
Síminn hjá honum er 464 3545 og GSM 893 1804
og netfang: dagvar@mi.is

Bestu kveðjur.
Örnólfur



Frá skrifstofu Skútustaðahrepps.

Skrifstofan verður lokuð vikuna eftir
verslunarmannahelgi 5. – 8. ágúst, vegna sumarleyfa.

Sveitarstjóri.



Kæru sveitungar

Ráðinn hefur verið nýr sveitarstjóri, hann heitir Jón Óskar Pétursson og er 39 ára gamall viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Bifröst. Hann hefur undanfarið stundað meistaranám í alþjóðaviðskiptum og hagfræði við Háskólann í Álaborg í Danmörku.

Áður gengdi hann starfi framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Jón Óskar er giftur Ólafíu Ingólfssdóttur, grunnskólakennara og þroskaþjálfara og eiga þau þrjú börn á aldrinum fjögurra til fimmtán ára.

Jón Óskar mun taka fromlega til starfa 11. ágúst.

Við óskum honum og okkur öllum velfarnaðar á komandi misserum.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

Fornir fimmtudagar – Bakki á Tjörnesi

Fimmtudaginn 31. júlí klukkan 20:00 tekur Oddgeir Isaksen fornleifafræðingur á mótum áhugafólki um fornminjar og segir frá uppgreiftri á Bakka á Tjörnesi.

Mæting er við fjárréttina á Bakka.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Hins þingeyska fornleifafélags, www.fornleifafelag.is
Hið þingeyska fornleifafélag.

Stórmót Þjálfara á Einarstöðum verður haldið helgina 9. – 10. ágúst.



Keppt verður í eftirfarandi greinum:

A-flokk, B-flokk, Tölti, Skeiði.

Einnig í barna-, unglunga-, ungmenna- og öldungaflokk.

Miðaverð fyrir báða dagana er aðeins kr. 3.000.- fyrir fullorðna en frítt fyrir börn undir 14 ára og (h)eldri borgara 67 ára og eldri. Þeir sem kjósa að koma einungis á sunnudeginum greiða kr. 1.500.-

Hægt verður að fylgjast með dagskrá og ráslitum á heimasíðu félagsins: www.thjalffi.123.is

Við skráningu þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

Keppnisgrein, nafn knapa og hests, litur, aldur, faðir og móðir hests og eigandi.

Skráningar skulu sendast á netfangið:

hannajohannesd@gmail.com

Ekki verður tekið á mótum skráningum eftir kl. 20:00 miðvikudaginn 6. ágúst.

Skráningargjald í tölt er kr. 2.500.-
og í skeið kr. 1.000.-



Hlökkum til að sjá ykkur

Nefndin

